# BYR - sparisjóður

## Ársreikningur 2006

## Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðenda | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Eiginfjáryfirlit | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 - 32 |


**BYR - sparisjóður**

**Kt. 610269-2229,**

**Borgartúni 18, Reykjavík.**

**Stjórn**

Jón Þorsteinn Jónsson, formaður
Egill Ágústsson
Magnús Ármann
Matthías Imsland
Styrmir Þór Bragason

**Sparisjóðsstjórar**

Magnús Ægir Magnússon
Ragnar Z. Guðjónsson

**Endurskoðendur**

PricewaterhouseCoopers hf

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er samstæðureikningur BYR - sparisjóðs og dótturfélaga hans. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Þetta er fyrsti ársreikningur þar sem alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) er beitt við uppgjör samstæðunnar. Áhrif breytinga á eigið fé sparisjóðsins 1. janúar 2006 vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla var rúmar 92 milljónir króna. Frekari upplýsingar um áhrif innleiðingar staðlanna er að finna í skýringum með ársreikningnum.

Samrunaáætlun BYR - sparisjóðs (Sparisjóðs vélstjóra) og Sparisjóðs Hafnarfjarðar var samþykkt í júní og var endanlegt samþykki yfirvalda komið í desember síðastliðnum. Samruninn er færður sem kaup í samræmi við reglur alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Eignir og skuldir Sparisjóðs Hafnarfjarðar voru metnar á gangvirði á yfirfærsludegi í samruna sparisjóðanna. Frekari upplýsingar um áhrif samrunans er að finna í skýringum með ársreikningnum.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar eftir skatta fyrir árið 2006 nam 2.676 milljónum króna. Í lok árs var heildareigið fé Sparisjóðsins 13.948 milljónir króna. Heildareignir samstæðunnar námu 104.188 milljónum króna þann 31. desember 2006.

Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins þann 31. desember 2006, reiknað samkvæmt lögum um fjármálastofnanir, er 14,3%, en hlutfallið má lægst vera 8,0%. Áhættuvegnar eignir með tilliti til eiginfjárreglna voru 62.752 milljónir króna þann 31. desember 2006.

Stjórn BYR - sparisjóðs mun leggja fyrir á stofnfjáreigendafundi að greiða 16% arð eða að fjárhæð 37 milljónir króna. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Hagnaði verði að öðru leyti ráðstafað með þeim hætti sem fram kemur í yfirliti um breytingar á eigin fé í ársreikningi.

Í árslok voru stofnfjáreigendur sjóðsins 547 en voru 680 í upphafi árs. Enginn stofnfjáreigandi á meira en 10% eignarhlut.

Stjórn BYR - sparisjóðs og sparisjóðsstjórar staðfesta hér með ársreikning samstæðu BYR - sparisjóðsins fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Reykjavík, 5. mars 2007.

**Stjórn**

Jón Þorsteinn Jónsson
Formaður stjórnar

Matthias Imsland — Magnús Ármann

Egill Ágústsson — Styrmir Þór Bragason

**Sparisjóðsstjórar**

Magnús Ægir Magnússon — Ragnar Z. Guðjónsson

# Áritun óháðs endurskoðenda

### Til stofnfjáreigenda og stjórnar BYR - sparisjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning BYR - sparisjóðs fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum*
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlitsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 5. mars 2007.

**PricewaterhouseCoopers hf**

Þórir Ólafsson,

Jón H Sigurðsson

# Rekstrarreikningur árið 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | | 8.219.221 | 2.775.919 |
| Vaxtagjöld | | ( 6.431.484) | ( 1.860.944) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | 6 | 1.787.737 | 914.975 |
| Þóknunartekjur | | 847.941 | 260.269 |
| Þóknunargjöld | | ( 169.769) | ( 89.619) |
| **Hreinar þóknunartekjur** | 7 | 678.172 | 170.650 |
| Arðstekjur | 8 | 76.593 | 20.016 |
| Tekjur af veltufjáreignum | 9 | 664.927 | 602.969 |
| Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði | | 32.305 | 24.288 |
| Gjaldeyrisgengismunur | 10 | 24.052 | ( 31.744) |
| Aðrar rekstrartekjur | | 106.910 | 65.719 |
| Laun og launatengd gjöld | 11 | ( 1.155.056) | ( 443.145) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 993.173) | ( 355.608) |
| Afskriftir | | ( 64.511) | ( 18.320) |
| | | ( 1.307.953) | ( 135.825) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir virðisrýrnun útlána** | | 1.157.956 | 949.800 |
| Virðisrýrnun útlána | 14 | ( 89.153) | ( 185.728) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.068.803 | 764.072 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja | 17 | 2.130.886 | 601.420 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 3.199.689 | 1.365.492 |
| Tekjuskattur | 12 | ( 523.391) | ( 239.645) |
| **Hagnaður ársins** | | 2.676.298 | 1.125.847 |
| **Skipting hagnaðar:** | | | |
| - Stofnfjáreigendur og varasjóður | | 2.661.937 | 1.125.847 |
| - Minnihluti | | 14.361 | 0 |
| | | 2.676.298 | 1.125.847 |

Skýringar á bls. 8 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti reikningsskila þessara

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

| | Skýr. | 31.12 2006 | 1.1 2006 |
|---|---|---|---|
| **EIGNIR** | | | |
| Sjóður og óbundnar bankainnistæður | 13 | 1.451.079 | 429.096 |
| Útlán og kröfur - lánastofnanir | 14 | 8.812.690 | 4.869.456 |
| Útlán og kröfur - viðskiptamenn | 14 | 72.988.464 | 24.302.076 |
| Veltufjáreignir | 15 | 9.816.538 | 4.332.746 |
| Fjáreignir: | 16 | | |
| - til sölu | | 569.154 | 325.730 |
| - til gjalddaga | | 441.492 | 470.721 |
| Hlutdeildarfélög | 17 | 7.418.574 | 2.431.659 |
| Óefnislegar eignir | 18 | 1.508.546 | 0 |
| Rekstrarfjármunir | 19 | 771.609 | 292.978 |
| Fjárfestingaeignir | | 165.250 | 165.250 |
| Aðrar eignir | | 245.089 | 42.072 |
| **Eignir samtals** | | 104.188.485 | 37.661.784 |
| **SKULDIR** | | | |
| Innlán - lánastofnunum | 20 | 8.335.902 | 3.319.155 |
| Innlán - viðskiptamenn | 21 | 46.837.836 | 19.835.383 |
| Lántökur | 22 | 30.020.742 | 7.558.976 |
| Víkjandi lán | 23 | 1.567.916 | 137.495 |
| Lífeyrisskuldbinding | 11 | 923.134 | 0 |
| Tekjuskattskuldbinding | 24 | 1.480.557 | 404.360 |
| Skattar til greiðslu | 24 | 129.083 | 33.879 |
| Aðrar skuldir | | 945.462 | 192.020 |
| **Skuldir samtals** | | 90.240.632 | 31.481.268 |
| **EIGIÐ FÉ** | | | |
| Stofnfé | | 231.377 | 131.967 |
| Varasjóður | | 13.685.613 | 6.048.548 |
| | | 13.916.990 | 6.180.515 |
| Hlutdeild minnihluta | | 30.864 | 0 |
| **Eigið fé samtals** | | 13.947.854 | 6.180.515 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 104.188.485 | 37.661.784 |

Skýringar á bls. 8 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti reikningsskila þessara

# Eiginfjáryfirlit

| | Skýr. | Stofnfé | Varasjóður | Samtals stofnfé og varasjóður | Hluti minni-hluta | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé 1. janúar 2005 ..........................................** | | 120.684 | 4.856.823 | 4.977.507 | 0 | 4.977.507 |
| Endurmat stofnfjár .................................................. | | 11.283 | ( 11.283) | | | |
| Gangvirðisbreyting eigna til sölu - nettó ................. | | | 1.050 | 1.050 | | 1.050 |
| Arður ársins 2004 .................................................. | | | ( 14.958) | ( 14.958) | | ( 14.958) |
| Breytingar vegna IFRS hjá hlutdeildarfélögum ........ | | | 1.213 | 1.213 | | 1.213 |
| Hagnaður ársins - leiðréttur vegna IFRS ................ | | | 1.125.845 | 1.125.845 | | 1.125.845 |
| **Eigið fé 31. desember 2005 .....................................** | | 131.967 | 5.958.690 | 6.090.656 | 0 | 6.090.656 |
| Innleiðing á IFRS 1 - áhrif á eigið fé ....................... | 5 | | 89.860 | 89.860 | | 89.860 |
| **Aðlagaður jöfnuður 1. janúar 2006 ........................** | | 131.967 | 6.048.550 | 6.180.515 | 0 | 6.180.515 |
| Samruni við Sparisjóðs Hafnarfjarðar .................... | 28 | 84.373 | 4.968.717 | 5.053.090 | 16.503 | 5.069.593 |
| Endurmat stofnfjár .................................................. | | 15.037 | ( 15.037) | | | |
| Gangvirðisbreyting eigna til sölu - nettó ................. | | | 2.269 | 2.269 | | 2.269 |
| Breytingar vegna IFRS hjá hlutdeildarfélögum ........ | | | 38.900 | 38.900 | | 38.900 |
| Innborgað yfirverð .................................................. | | | 4.034 | 4.034 | | 4.034 |
| Arður ársins 2005 .................................................. | | | ( 23.754) | ( 23.754) | | ( 23.755) |
| Hagnaður ársins ..................................................... | | | 2.661.937 | 2.661.937 | 14.361 | 2.676.298 |
| **Eigið fé 31. desember 2006 .....................................** | | 231.377 | 13.685.616 | 13.916.990 | 30.864 | 13.947.854 |

Skýringar á bls. 8 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti reikningsskila þessara

# Sjóðstreymi árið 2006

| | Skýr | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | | |
| Hagnaður ársins | | 3.199.689 | 1.365.490 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi frá rekstri: | | | |
| Virðisrýrnun útlána | | 89.153 | 185.728 |
| Afskriftir | | 44.372 | 18.320 |
| Afskriftir óáþreifanlegra eigna | | 20.139 | 0 |
| Áhrif hlutdeildar- og dótturfélaga | | ( 2.130.886) | ( 601.989) |
| Gengismunur | | 1.598.050 | ( 361.751) |
| Handbært fé frá rekstri án rekstrartengdra eigna og skulda | | 2.820.517 | 605.798 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Breyting útlána til fjármálastofnana | | ( 54.561) | 193.471 |
| Breyting útlána | | ( 8.743.219) | ( 5.608.752) |
| Breyting veltufjáreigna | | 641.318 | 36.914 |
| Breyting annarra eigna | | 116.641 | ( 8.602) |
| Breyting vegna lántökur fjármálastofnana | | 1.322.449 | 1.662.121 |
| Breyting innlána | | 4.366.062 | 2.230.475 |
| Breytingar á öðrum skuldum | | 329.099 | 26.247 |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 798.304 | ( 862.328) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | ( 17.032) | 19.453 |
| Fjárfesting í hlutdeildar og dótturfélögum | | ( 797.456) | ( 432.894) |
| Óefnislegar eignir | | ( 22.512) | 0 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | ( 837.000) | ( 413.441) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Lántökur | | 5.512.540 | 1.727.471 |
| Innborgað stofnfé | | 4.034 | 0 |
| Víkjandi lán | | ( 128.035) | 5.448 |
| Greiddur arður til stofnfjáreigenda | | ( 23.754) | ( 14.958) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | ( 147.755) | 1.717.961 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | ( 186.451) | 442.192 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 5.002.603 | 4.560.411 |
| Áhrif samruna | | 3.210.017 | 0 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 8.026.169 | 5.002.603 |

Skýringar á bls. 8 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti reikningsskila þessara

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

BYR - sparisjóður er sparisjóður með starfstöð á Íslandi (bankinn). Samstæðureikningur ársins 2006 nær yfir BYR - sparisjóð (móðurfélagið) og dótturfélög þess ( nefnt samstæða ).

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Stjórn BYR - sparisjóðs samþykkti ársreikning samstæðunnar þann 5. mars 2007.

## 2. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir

Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir var beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabilin sem birt eru í ársreikningnum. Þeim var einnig beitt við gerð opnunar efnahagsreiknings þann 1. janúar 2005 vegna upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna.

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu BYR - sparisjóðs er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn fylgir IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem ársreikningur samstæðunnar er gerður eftir þessum stöðlum.

Á birtingardegi reikningsskilanna höfðu eftirfarandi staðlar verið gefnir út en ekki tekið gildi:

| | Gildisdagur |
|---|---|
| IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar ........................................................ | 1. janúar 2007 |
| IFRS 8 Starfsþættir ..................................................................................... | 1. janúar 2009 |

Neðangreindar túlkanir á áður útgefnum stöðlum eru skilyrtar fyrir samstæðureikningsskil fyrir tímabil sem hefjast 1 maí 2006 eða síðar. Samstæðan hefur ekki tekið þessar túlkanir inn í sín reikningsskil:

| | Gildisdagur |
|---|---|
| IFRIC 8 Gildissvið IFRS ............................................................................ | 1. maí 2006 eða síðar |
| IFRIC 10 Árshlutareikningar og virðisrýrnun ............................................. | 1. nóvember 2006 eða síðar |

Innleiðing á IFRIC 8 og IFRIC 10 mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Ársreikningur BYR - sparisjóðs var gerður samkvæmt viðurkenndum reikningsskilareglum sem giltu á Íslandi um lánastofnanir til ársloka 2005. Þær reikningsskilareglur eru í einhverjum tilvikum frábrugðnar IFRS. Upplýsingar um hvernig yfirfærslan yfir í IFRS hafði áhrif á fjárhagsstöðu sparisjóðsins koma fram í skýringu nr. 5.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð ef frá eru taldar eignir tilgreindar á gangvirði auk veltufjáreigna og skulda sem taldar eru fram á gangvirði.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill sparisjóðsins. Fjárhæðir eru í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur dragi ályktanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir sem varða eignir og skuldir auk tekna og gjalda. Mat þeirra og ályktanir byggjast á fyrri reynslu auk annarra þátta sem taldir eru viðeigandi undir viðkomandi kringumstæðum og mynda þannig grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati.

Matsaðferðir og forsendur eru reglulega yfirfarnar. Breytingar á matsaðferðum eru birtar á því tímabili sem breytingin er gerð á og einnig á seinni tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

# Skýringar

## 2.2 Samstæða

*Dótturfélög*

Dótturfélög eru öll fyrirtæki sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Litið er til áhrifa af sögulegum atkvæðarétti sem hægt er að nýta eða breyta við mat á því hvort samstæðan ráði yfir öðru fyrirtæki. Dótturfélög eru að fullu hluti af samstæðunni frá þeim degi sem yfirráð yfir þeim færist til samstæðunnar. Þau eru færð úr samstæðunni frá þeim degi sem yfirráðin taka enda. Á reikningsskiladegi eru dótturfélög bankans eftirtalin:

| Félög | hlutdeild | Starfsemi |
|---|---|---|
| Bréfabær hf ........................................................................ | 100,0% | Eignarhald um fullnustueignir |
| Fjárvari hf ........................................................................... | 100,0% | Eignarhaldsfélag |
| Hringur Group .................................................................... | 80,0% | Eignarhaldsfélag - tryggingarekstur |
| Sparibréf hf ........................................................................ | 100,0% | Verðbréfaviðskipti og fjármálaþjónusta |
| SPV fjárfesting hf ............................................................... | 100,0% | Verðbréfaviðskipti og fjármálaþjónusta |

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður beint í rekstrarreikning.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig fellt niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þar sem þörf er á til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

## 2.3 Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru öll fyrirtæki sem samstæðan hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð yfir. Fylgir það að öðru jöfnu eignarhlut á bilinu 20% til 50% af atkvæðisbæru hlutafé. Hlutdeildaraðferð reikningsskila er beitt við færslu fjárfestingar í hlutdeildarfélögum en upphaflega eru þær færðar á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar í hlutdeildarfélögum tekur einnig til viðskiptavildar, að frádregnu uppsöfnuðu tapi af virðisrýrnun, sem skilgreind er við kaup.

Hlutdeild samstæðunnar í hagnaði og/eða tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup er færð í rekstrarreikning og hlutdeild í hreyfingum varasjóðs meðal eigin fjár eftir yfirtöku er færð í varasjóð meðal eigin fjár. Uppsafnaðar hreyfingar eftir kaup eru færðar til leiðréttingar á bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags er jöfn og eða meiri en hlutdeild þess í hlutdeildarfélaginu, að meðtöldum öllum öðrum ótryggðum viðskiptakröfum, færir samstæðan ekki frekara tap nema að hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

Óinnleystur hagnaður af viðskiptum milli samstæðunnar og hlutdeildarfélaga hennar eru felld niður að því marki sem nemur hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Óinnleyst tap er einnig fellt niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum hlutdeildarfélaga hefur verið breytt þar sem þörf krefur til að tryggja samkvæmni við reikningsskil samstæðunnar.

## 2.4 Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur tekur til eigna og starfsemi þar sem áhætta og arðsemi er ólík því sem gildir um aðra starfsþætti. Starfsþáttur heyrir undir tiltekið efnahagsumhverfi ef hann leggur til eignir eða þjónustu með áhættu og arðsemi sem er ólík því sem gildir um starfsþætti í öðru efnahagsumhverfi. BYR - sparisjóður starfar á einum markaði og hefur ekki skipt starfsemi sinni upp í starfsþætti. BYR er eingöngu með útibú á Íslandi og er því ekki með landfræðilega skiptingu í sínum rekstri.

# Skýringar

## 2.5 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

*Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill*
Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í milljónum íslenskra króna sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

*Viðskipti og stöður*
Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðilinn með gengi í lok viðskiptadags. Gengishagnaður og -tap vegna uppgjörs slíkra viðskipta og umreikningur peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning í árslok nema þegar um er að ræða skilgreindar sjóðsflæðisvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi. Þá er gengismunur færður meðal eigin fjár. Gengismunur vegna umreiknings liða sem ekki eru peningalegir, eins og hlutabréfa sem tilgreind eru á gangvirði með breytingum færðum í rekstrarreikning, er færður sem hluti af þessum hreyfingum í rekstrarreikningi.

## 2.6 Vaxtatekjur og -gjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta á afskrifuðu kostnaðarverði fyrir alla fjármálagerninga.

Ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlar samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afsláttum.

Þegar fjáreignir eða söfn sambærilegra fjáreigna hafa verið færðar niður vegna virðisrýrnunar eru vaxtatekjur færðar með sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunartapið. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af hreinni fjárhæð fjáreignarinnar að teknu tilliti til niðurfærslunnar.

## 2.7 Þóknunartekjur og -gjöld

Þóknunartekjur og þóknanir eru að jafnaði færðar til tekna þegar þjónustan hefur verið veitt. Tekjum vegna lántökugjalda er að jafnaði frestað (ásamt tengdum beinum kostnaði) og þær færðar sem leiðrétting á virku vaxtahlutfalli lánsins. Þjónustutekjur vegna samninga eða vegna þátttöku í samningum um viðskipti fyrir þriðja aðila – eins og aðstoð og umsjón með hlutabréfaviðskiptum eða öðrum fjármálagerningum eða kaupum eða sölu á fyrirtækjum – eru færðar þegar viðskiptunum er lokið. Þóknunartekjur og þóknanir fyrir umsjón með eignasöfnum og aðra ráðgjöf og þjónustu eru færðar miðað við þjónustusamningana sem við eiga og er þeim að jafnaði dreift á viðeigandi tímabil. Þóknanir fyrir eignastýringu sem tengjast fjárfestingasjóðum eru færðar til tekna hlutfallslega yfir tímabilið sem þjónustan er veitt. Sömu grunnreglu við tekjufærslu er jafnframt beitt við aðra vörsluþjónustu sem veitt er með samfelldum hætti til lengri tíma.

## 2.8 Fjáreignir

Samstæðan skipar fjáreignum sínum í eftirfarandi flokka: veltufjáreignir, fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi, útlán og kröfur, fjáreignir til sölu og fjáreignir til gjalddaga. Flokkun fjárfestinga er ákvörðuð við upphaflega færslu í reikningsskil.

*a) Veltufjáreignir*
Fjáreign er færð í þennan flokk ef megin tilgangurinn er að selja eignina innan skamms tíma. Afleiður eru einnig flokkaðar sem veltufjáreignir nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

# Skýringar

*b) Fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingu í rekstrarreikning*

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi ef:

• Slíkt minnkar verulega ósamræmi í mati sem kæmi fram ef tengdar afleiður væru meðhöndlaðar sem veltufjáreignir og undirliggjandi fjármálagerningar væru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði, til dæmis lán til viðskiptavina og banka og útgefin skuldabréf;

• Vissar fjárfestingar, svo sem í hlutabréfum, sem er sýslað með og metnar eru á gangvirði í samræmi við skráða áhættustýringu eða fjárfestingarstefnu og gerð grein fyrir þeim með þessum hætti til stjórnenda, eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi;

• Fjármálagerningar, svo sem skuldabréf í eigu bankans, sem innihalda innbyggðar afleiður og breyta verulega sjóðsflæði, eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi.

Slíkar fjáreignir eru færðar á gangvirði og breytingar á því færðar í rekstrarreikningi. Ekki er mögulegt að breyta síðar flokkun þeirra fjáreigna sem hafa verið settar í þennan flokk eftir upphaflega færslu.

*c) Útlán og kröfur*

Útlán og kröfur eru fjáreignir með skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Til þeirra stofnast þegar samstæðan greiðir fjármuni beint til skuldara án þess að til standi að selja kröfuna.

*d) Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga.*

Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga eru fjáreignir sem ekki eru afleiður með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða og föstum binditíma sem stjórnendur samstæðunnar ráðgera og hafa getu til að halda út binditímann. Ef samstæðan myndi selja verulegan hluta af þessum eignum þá yrði að skilgreina allt eignasafnið sem fjáreignir til sölu.

*e) Fjáreignir sem haldið er til sölu*

Fjáreignir til sölu eru þær eignir sem samstæðan ætlar að eiga í óákveðin tíma. Eignirnar geta verið seldar til að afla lausafjár eða vegna þess að breytingar hafa orðið á vöxtum, gengi eða verði hlutabréfa.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi, þann dag sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði að því er varðar allar fjáreignir sem ekki eru bókfærðar á gangvirði í rekstrarreikningi. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða hafa verið yfirfærð eða samstæðan hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds.

Fjáreignir sem haldið er til sölu og fjáreignir á gangvirði í rekstrarreikningi eru yfirleitt bókfærðar á gangvirði. Lán, viðskiptakröfur og fjárfestingar sem haldið er að gjalddaga eru bókfærðar á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota virku vaxtaaðferðina. Innleystur og óinnleystur hagnaður og töp sem myndast vegna breytinga á gangvirði í flokknum "fjáreignir á gangvirði í rekstrarreikningi" eru innifalin í rekstrarreikningnum á því tímabili sem þau myndast. Óinnleystur hagnaður og töp sem myndast vegna gangvirðisbreytinga á ópeningalegum verðbréfum, sem flokkuð er þannig að þau séu til sölu, er færður meðal eigin fjár. Þegar verðbréf, sem flokkuð eru þannig að þau séu til sölu, eru seld eða hafa rýrnað að virði, eru uppsafnaðar gangvirðisleiðréttingar innifaldar í rekstrarreikningnum sem ágóði og töp af fjárfestingaverðbréfum.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu, núvirt greining á sjóðstreymi og verðmyndunarlíkön fyrir vilnun sem eru sérsniðin til að endurspegla sérstakar aðstæður útgefandans. Í sumum tilfellum þegar þekkt verðmat gefur ekki áreiðanlegt mat á verðgildi ber að meta á kostnaðarverði.

# Skýringar

### 2.9 Virðisrýrnun útlána og krafna

Við hver reikningsskil metur samstæðan hvort hlutlæg merki séu um að virði útláns eða safns útlána hafi rýrnað. Útlán eða safn útlána hefur rýrnað og tap vegna virðisrýrnunar orðið til, ef til eru hlutlæg merki um virðisrýrnun. Þetta á við vegna eins eða fleiri atvika sem urðu eftir upphaflega tilurð eignarinnar og að það tapsatvik (eitt eða fleiri) hafi áhrif á áætlað sjóðstreymi útlánsins eða útlánasafnsins sem hægt er að áætla með ábyggilegum hætti. Til hlutlægra merkja um að virðisrýrnun hafi átt sér stað teljast sýnileg gögn um eftirfarandi atvik:

(i) verulegir fjárhagserfiðleikar lántakanda;

(ii) samningsbrot, eins og vanefnd afborgunar eða vaxta;

(iii) lántaka í fjárhagserfiðleikum hefur, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, verið veitt ívilnandi skuldbreyting sem að jafnaði væri ekki tekin gild af samstæðunni;

(iv) líklegt er að lántakinn verði gjaldþrota eða þurfi að fara í fjárhagslega endurskipulagningu;

(v) virkur markaður fyrir fjármálagerninginn er ekki lengur til staðar;

(vi) gögn sýna mælanlega lækkun áætlaðs sjóðstreymis af útlánasafni frá upphaflegri tilurð þess jafnvel þó ekki sé hægt að tengja lækkunina við einstök útlán í safninu, þar með talið:

– óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu eða
– almenn efnahagsleg skilyrði á landsvísu eða staðbundin sem tengjast útlánasafninu.

Samstæðan skilgreinir einstök mikilvæg útlán og metur fyrst hvort hlutlæg merki eru um virðisrýrnun þeirra. Því næst skilgreinir samstæðan hvort það á við um einstök eða mörg útlán og kröfur sem ekki hafa verið skilgreindar mikilvægar hver fyrir sig. Ef samstæðan metur að engin hlutlæg merki séu um virðisrýrnun á mikilvægum útlánum er útlánið flokkað í útlánasafn með svipuð einkenni útlánaáhættu og virðisrýrnun þeirra metin sem heild. Einstök mikilvæg lán sem hafa hlotið virðisrýrnun eru ekki tekin með í virðisrýrnunarmati á eignasöfnum

Ef hlutlæg merki eru um að virðisrýrnun hafi orðið á útlánum og viðskiptakröfum er fjárhæð tapsins mæld sem mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og endurheimtanlegu virði hennar. Endurheimtanlegt virði er núvirði áætlaðs sjóðstreymis (að undanskildu lánatapi í framtíðinni sem ekki hefur fallið til) afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum fjáreignarinnar. Bókfærð fjárhæð eignarinnar er lækkuð vegna virðisrýrnunar með færslu á afskriftareikning í efnahagsreikningi og til gjalda í rekstrarreikninginn. Ef útlán er með breytilega vexti, er afvöxtunarhlutfallið sem notað er til að reikna út virðisrýrnunartapið, gildandi virkir vextir samkvæmt lánasamningi.

Við virðsrýrnunarútreikninga veðkrafna, sem gerðir eru með núvirtu sjóðstreymi, er tekið tillit til áætlaðs sölu- eða innlausnarverðmætis veðsins að frádregnum kostnaði við innlausn eða sölu. Slíkur útreikningur er gerður með hlutlægu mati á tapi hvort sem líklegt er eða ekki að gengið verði að veðinu.

Við mat á virðisrýrnun útlánaflokka eru útlán og kröfur flokkaðar eftir svipuðum einkennum útlánahættu (þ.e. út frá matsferlum samstæðunnar sem taka tillit til eignategundar, atvinnugreinar, staðsetningu, veðtegundar, stöðu gjaldfellingar og annarra þátta sem máli skipta). Slík flokkun, byggð á útlánaáhættu, hefur góða vísbendingu um virðisrýrnun eignasafna.

Framtíðarsjóðstreymi útlánasafna er metið með tilliti til virðisrýrnunar út frá samningsbundnu sjóðstreymi eignanna í samstæðunni og reynslu af tapi eigna með svipuð einkenni útlánaáhættu. Tapreynsla er leiðrétt út frá nýjustu greinanlegum gögnum til að endurspegla áhrifin af núverandi skilyrðum sem höfðu ekki áhrif á tímabilinu sem tapreynsla var byggð á og til að undanskilja áhrif af tapsþáttum sem voru til staðar en eru ekki núna.

Mat á breytingum í framtíðarsjóðstreymi eignasafna á að vera í samræmi við breytingar á greinanlegum gögnum frá einu tímabili til annars (til dæmis fasteignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem gefa til kynna breytingar á líkum þess að tap verði á safninu og umfangi tapsins). Samstæðan endurskoðar reglulega aðferðir og ályktanir sem notaðar eru við að áætla framtíðarsjóðstreymi til að lágmarka misræmi í áætluðu og raunverulegu tapi.

Þegar útlán er óinnheimtanlegt, er það endanlega afskrifað og fært til lækkunar á afskriftareikningi útlána í efnahagsreikningi. Útlán eru afskrifuð eftir að öllum nauðsynlegum innheimtuferlum hefur verið lokið samkvæmt reglum samstæðunnar og fjárhæð tapsins hefur verið reiknuð út. Ef greiðslur innheimtast eftir að lán hefur verið endanlega afskrifað er sú fjárhæð færð á móti virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi.

# Skýringar

Ef tap vegna virðisrýrnunar lækkar vegna hlutlægra atvika sem verða eftir að upphaflegt mat á virðisrýrnun einstakra eigna eða eignasafna var ákveðin er tapið bakfært yfir afskriftareikning útlána í efnahagsreikningi. Mótfærslan er færð á virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi.

### 2.10 Óefnislegar eignir

*Viðskiptavild*

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekins dótturfélags/hlutdeildarfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild vegna kaupa á hlutdeildarfélögum er innifalin í bókfærðu verði fjárfestinga hlutdeildarfélaga. Viðskiptavild er metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar og bókfærð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi. Söluhagnaður eða -tap við ráðstöfun dótturfélags/hlutdeildarfélags innifelur bókfærða fjárhæð viðskiptavildar sem því tengist.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

*Hugbúnaður*

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma þessum tiltekna hugbúnaði í notkun. Kostnaðurinn er afskrifaður á áætluðum nýtingartíma (fimm ár).

Samstæðan metur við hvern reikningsskiladag hvort eitthvað bendi til þess að eignfærður hugbúnaður hafi rýrnað að verðgildi og ef það reynist svo er lagt mat á endurheimtanlegt virði eignarinnar. Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði eignarinnar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði hvort sem hærra er. Bókfært verð eignar er afskrifað niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

### 2.11 Rekstrarfjármunir

Húseignir og lóðir eru fyrst og fremst útibú og skrifstofuhúsnæði bankans. Allir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á þessum eignum.

Kostnaður sem fellur til eftir upphafleg kaup er einungis eignfærður þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til samstæðunnar og unnt er að meta kostnaðarverðið með öruggum hætti. Viðhald og viðgerðir eru gjaldfærð í rekstrarreikning á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Lóðir eru ekki afskrifaðar. Afskrift annarra eigna er reiknuð með beinlínuaðferð til að dreifa kostnaði þeirra að frádregnu hrakvirði á nýtingartíma þeirra með eftirfarandi hætti:

| | |
|---|---|
| Húseignir ............................................................................ | 50 ár |
| Aðrir lausafjármunir ............................................................ | 3 - 8 ár |
| Vélbúnaður og tæki ............................................................ | 5 ár |

Hrakvirði eigna og nýtingartími er endurskoðað árlega og leiðrétt ef það á við.

Fyrnanlegar eignir eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar í hvert sinn sem atvik eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð kunni að vera lægra en áætlað endurheimtanlegt virði. Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði eignarinnar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði hvort sem hærra er. Bókfært verð eignar er afskrifað niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður og sölutap af rekstrarfjármunum er mismunur á söluverði fjármunar og bókfærðu verði hans á söludegi. Söluhagnaður og sölutap er fært í rekstrarreikning.

# Skýringar

## 2.12 Fastafjármunir ætlaðir til sölu

Fastafjármunir til sölu eru fullnustueignir sem eru í söluferli og eignasamstæður sem flokkaðar hafa verið sem eignir sem áformað er að selja. Skuldir eignasamstæðu sem ætlaðar eru til sölu eru sérgreindar í efnahagsreikningi. Framsetning og mat þessara eigna og skulda er í samræmi við IFRS-staðal 5, Fastafjármunir ætlaðir til sölu og aflögð starfsemi. Einstakar eignir meðal fastafjármuna sem ætlaðir eru til sölu eru metnar á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra er, þó að teknu tilliti til sérstakrar undanþágu vegna fjárfestingareigna sem fram kemur í IFRS-staðli 5.

## 2.13 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé og ígildi þess er skilgreint í sjóðstreymi sem reiðufé og óbundnar innstæður hjá Seðlabanka, kröfur á aðra banka og ríkistryggð skammtímaskuldabréf. Viðmiðunartími er að innlausn fjársins sé allt að mánuður.

## 2.14 Óvissar skuldbindingar

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar og deilumála eru færðar til skuldar í samstæðureikningsskilin þegar að líklegra en ekki er að samstæðan þurfi að ráðstafa fjármunum vegna þeirra og hægt er að áætla fjárhæðina með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar eru metnar á núvirði þeirra gjalda sem ætlað er að þurfi til að gera upp skuldina þar sem notaður er afvöxtunarstuðull fyrir skatta sem endurspeglar núverandi mat markaða á tímavirði peninga og þeirrar áhættu sem einkennir skuldbindinguna. Hækkun á skuldinni vegna tímans sem líður er færð sem vaxtagjöld.

## 2.15 Lífeyrisskuldbindingar

Skuldbindingin sem er færð í efnahagsreikninginn vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er núvirði réttindatengdrar skuldbindingar á dagsetningu efnahagsreiknings að frádregnu gangvirði eigna til greiðslu lífeyris, ásamt leiðréttingum vegna ófærðs tryggingafræðilegs ágóða eða taps og réttindaávinnslu fyrri tímabila. Sjálfstæðir tryggingafræðingar reikna réttindatengda skuldbindingu árlega með aðferðinni sem miðast við áunnin réttindi. Núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar er ákvarðað með því að afvaxta áætlað framtíðarútstreymi handbærs fjár með vaxtahlutfalli tryggra skuldabréfa fyrirtækja sem er ákveðin í þeim gjaldmiðli sem kjörin verða greidd út í og sem hafa svipaðan innlausnartíma og tengda eftirlaunaskuldbindingin.

Tryggingafræðilegur ágóði og tap sem myndast vegna leiðréttinga af fenginni reynslu og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum eru færðar beint til lækkunar eða hækkunar á tekjum á væntum meðalstarfstíma sem starfsmaður á eftir í starfi.

## 2.16 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu til skuldar sem tímabundinn mismunur milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd eða efnislega lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings og vænst er að verði í gildi þegar viðkomandi frestuð skattinneign er innleyst eða frestuð tekjuskattskuldbinding er gerð upp.

Meginhluti tímabundins mismunar er til kominn vegna endurmats tiltekinna fjáreigna og -skulda, þar á meðal afleiðusamninga, og afskrifta af rekstrarfjármunum. Tímabundinn mismunur á einnig við um frestað skattalegt tap ásamt mismuninum á gangvirði keyptra eigna og skattalegu verði þeirra.

# Skýringar

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði. Frestaður tekjuskattur sem er til kominn vegna tímabundins mismunar tengdum fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum er færður i samstæðureikningsskilin. Það er þó ekki gert þegar samstæðan ræður tímasetningu viðsnúnings tímabundins mismunar og líklegt er að hann muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Tekjuskattur sem greiða á af skattskyldum hagnaði samkvæmt gildandi skattalögum í hverju landi er færður til gjalda á því tímabili sem hagnaðurinn myndast. Skattáhrif yfirfæranlegs skattalegs taps eru færð til eignar í þeim tilfellum þar sem líklegt er talið að það muni nýtast á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### 2.17 Lántökur

Lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði, sem er fjárhæð lánsins við útgáfu að frádregnum áföllnum lántökukostnaði. Eftir það eru lán færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

### 2.18 Víkjandi lán

Samstæðan hefur tekið lán með víkjandi skilmálum. Lánin hafa einkenni eigin fjár þar sem þau víkja fyrir öðrum lánum samstæðunnar. Við útreikning eiginfjárhlutfalls eru þessi lán talin til eigin fjár eins og fram kemur í skýringu 23. Víkjandi lán eru færð meðal skulda með vöxtum, gengismun og verðbótum.

### 2.19 Stofnfé

*Kostnaður við útgefna stofnfjárhluti*
Kostnaður sem tengist útgáfu nýs stofnfjár er færður til lækkunar á yfirverði meðal eigin fjár.

*Arður á stofnfé*
Arður af stofnfé er færður til lækkunar á varasjóð á því ári sem úthlutun hans er samþykkt á stofnfjárfundi.

### 2.20 Samanburðartölur

Þar sem nauðsynlegt er, hafa samanburðartölur verið lagfærðar til samræmis við breytta framsetningu á núverandi ári.

### 3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Áhættureglur og ferlar samstæðunnar tryggja að áhætta í rekstri hennar sé bæði þekkt og mæld og að eftirlit sé haft með áhættunni. Áhættunni er stýrt á þann hátt að hún sé innan þeirra marka sem samstæðan hefur sett sér og samræmist kröfum eftirlitsaðila á fjármálamarkaði. Samstæðan setur sér stefnu um áhættusamsetningu þannig að sveiflur vegna óvæntra atburða sem hafa áhrif á bæði eigið fé samstæðunnar og afkomu séu bæði takmarkaðar og viðráðanlegar.

Sparisjóðsstjórn ber ábyrgð á stefnumótun samstæðunnar varðandi áhættu og sér til þess að hún falli að stefnu samstæðunnar, reynslu stjórnenda hennar, eiginfjárhlutfalli og áhættusækni sjóðsins. Sparisjóðsstjórar bera ábyrgð á daglegri stjórnun gagnvart stjórn og stýra áhættu bankans í gegnum skipulag hans. Auk þess bera forstöðumenn ábyrgð á starfsemi hvers sviðs gagnvart sparisjóðsstjórum og að áhættan sé í samræmi við starfsreglur sparisjóðsins.

# Skýringar

*Fjármálagerningar og aðferðir við áhættustjórnun*

Eignir og skuldir viðskiptavina geta borið fasta eða breytilega vexti í skemmri eða lengri tíma. Mikilvægt er að samstæðan hafi góða stjórn á fjárfestingum sínum til þess að ná jafnvægi vaxta og binditíma lána. Samstæðan leitast við að stýra vaxtamun með því að bjóða bæði skammtíma- og langtímalán á sama tíma og hún þarf að viðhalda nægilegri lausafjárstöðu til þess að standa við skuldbindingar sínar. Samstæðan stuðlar að því að ná ásættanlegum vaxtamun með því að veita lán til fyrirtækja og einstaklinga með mismunandi lánakjörum þar sem tekið er tillit til tapsáhættu. Slík áhætta er ekki eingöngu tengd vaxtaberandi eignum í efnahagsreikningi heldur einnig ábyrgðum og öðrum fjármálagerningum.

*Mótaðilaáhætta*

Stærsti áhættuþáttur samstæðunnar er mótaðilaáhætta hennar. Mótaðilaáhætta er sú áhætta að lántaki eða mótaðili í viðskiptum samstæðunnar geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Mótaðilaaáhættu er stýrt með því að setja mörk um viðunandi áhættu gagnvart einstökum lántökum eða hópum lántaka, tilteknum landsvæðum eða atvinnugreinum. Slíkir áhættuþættir eru undir stöðugu eftirliti og eru endurskoðaðir reglulega. Mótaðilaáhættu er einnig stýrt með reglulegu mati á lánshæfi viðskiptavinar, breytingum á útlánaheimildum eða með því að afla betri trygginga fyrir skuldbindingum viðskiptavinar.

